

FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI SNÆFELLSNESS

15. fundur ráðsins haldinn

Fimmtudaginn 12. okt. 2006 kl. 10:00 – 17.00

á Ráðhúsloftinu Stykkishólmi

Á fundinn mættu:

Guðrún Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar hotel@hellnar.is,

Róbert Stefánsson, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, robert@nsv.is,

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls gudbjorg@ust.is,

Eyþór Björnsson, eythor@snb.is

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, dagny@stykkisholmur.is,

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar theyr@bref.is,

Hrefna Birkisdóttir fulltrúi Eyja- og Miklaholltshrepps, vegamot@esso.is

Þórunn Sigþórsdóttir, umhverfisfulltrúi thorunn@nsv.is

Dagskrá fundar:

1. Framkvæmdaráætlun

2. Fjárhagsáætlun

3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og var gengið beint til dagskrár.

1. Framkvæmdaáætlun

Guðrún lagði fram drög að framkvæmdaáætlun Snæfellsnes fyrir árið 2006 -2010 sem hún og Stefán Gíslason sáu um að vinna fyrir Framkvæmdarráðið. Framkvæmdaáætlunin var tekin fyrir og athugasemdir gerðar. Búið er að ákveða kynningarfund á framkvæmdaráætluninni fyrir bæjar- og sveitarstjórnarmenn föstudaginn 20.10. kl:16:00 í Röst Hellissandi

2. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun rædd og í framhaldi af því kom fram að bæklingurinn hafi verið góð fjárfesting. Hugmynd kom fram að í næsta bæklingi yrðu seldar auglýsingar til þriggja ára og verði þá afsláttur á verði.

3. Önnur mál

Róbert greindi frá að hann hefði fundað með náttúruljósmyndaranum Magnúsi Magnússyni og hann hefði mikinn hug á að gera mynd um Snæfellsnes, jafnvel búa til þriggja þátta seríu. Þetta fékk góðar undirtektir og voru allir sammála um að gott væri að gera kynningarmyndband um svæðið. Jafnvel væri mögulegt að fá styrki í verkefnið.

Green Globe verkefnið hefur gengið mjög hægt í sumar og fundarmenn sammála um að verkefnið sé í of fárra manna höndum. Ekki gengur að fólk vinni í sjálfboðavinnu.

Guðbjörg kynnti nýja þjónustumiðstöð í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Fundi slitið kl. 17.

Fundarritari: Þórunn Sigþórsdóttir